



**Stofnanasamningur milli Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Félags sjúkraþjálfara. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Félags sjúkraþjálfara hins vegar.**

---

### 1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraþjálfara á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

### 2. Framkvæmd röðunar og mats

Röðun miðast við að um viðvarandi/stöðugt verk svið sé að ræða og skulu skilgreiningar Hagstofunnar (nú ISTARF95, 2.útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þá skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar (BS) og sé gerð krafa um meistaragráðu (MS) umfram grunnám skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 4 launaflokkar

Lengra formlegt grunnám skal metið með sambærilegum hætti.

### 3. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1

Starfaflokkur	Launaflokkur
Sjúkraþjálfari A	10
Sjúkraþjálfari B	11
Sjúkraþjálfari C	12
Deildarstjóri endurhæfingar	15

Sjúkraþjálfari á heilsugæslu skal ráðast 1 launaflokk hærra en ella.

Sjúkraþjálfari sem sinnir göngudeildarþjónustu skal ráðast 1 launaflokk hærra en ella.

Sérfræðingur í sjúkraþjálfun með sérfræðileysi frá embætti landlæknis skal ráðast 1 launaflokki hærra en ella.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum HVest er ráðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Starfaflokkun þessi tekur mið af því að nám í sjúkraþjálfun til löggilds starfsleyfis er nú 5 ára MS nám og er í samræmi við niðurstöðu Gerðardóms, dags. 14.8.2015.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

#### 4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

##### 4.1 Viðbótarnám og námskeið sem nýtist í starfi.

• Námskeið og fagraðstefnur (180 kennslustundir)	1 þrep
• Námskeið og fagraðstefnur (360 kennslustundir)	2 þrep
• Diplómanám (60 ECTS einingar)	2 þrep
• Meistarapróf (120 ECTS einingar)	4 þrep
• Doktorspróf eða sambærilegt	8 þrep
• Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti	

Hækkanir vegna viðbótarmentunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á námskeiði/-um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmentun til yfirmanns skal senda eftirfarandi:

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: Sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega.

## 4.2 Reynsla/starfsaldur

Starfsreynsla sjúkraþjálfara í faginu er metin með eftirfarandi hætti:

- |                        |          |
|------------------------|----------|
| • Eftir 5 ár í starfi  | • 1 þrep |
| • Eftir 10 ár í starfi | • 1 þrep |
| • Eftir 15 ár í starfi | • 1 þrep |
| • Eftir 20 ár í starfi | • 1 þrep |

## 4.3 Tímabundnir þættir

Tímabundnir þættir eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna.

Tímabundnir þættir eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep, allt að 3 þrepum. Dæmi um tímabundna þætti:

- Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.
- Tímabundin aukin ábyrgð.
- Innleiðing verkefna.
- Þróun og nýsköpun.
- Sérstak álag og erfiðleikastig.
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda.

## 5. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

## 6. Gildistaka

Við gildistöku þessa samnings skal öllum sjúkraþjálfurum endurraðað samkvæmt stofnanasamningi þessum og gildir launaröðun frá og með gildistöku samningsins, falla þá jafnframt úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur.

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1.1.2021.

Rafræn undirritun 21.6.2021

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Gylfi Ólafsson

Hanna Þóra Hauksdóttir

Hrannar Örn Hrannarsson

F.h. Félags sjúkraþjálfara

Unnur Pétursdóttir

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Jóna Björg Guðmundsdóttir

## Fylgiskjal 1 – Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða iðvarandi/stöðugt verksemi, sbr. 2. gr. hér að framan. Framgangur milli starfaflokka, þarf ekki að ráðast af tímaþætti, ef aðrir þættir hins nýja starfaflokks eru uppfylltir.

### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

**A:** Er byrjandi í starfi. Starfar sjálfstætt en getur leitað tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín eftir þörfum. Tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Starfsreynsla í faginu: 0-6 mánuðir.

**B:** Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi.

Veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Starfsreynsla í faginu: 6 mánuðir-2 ár.

**C:** Er mjög vel fær í starfi. Starfsmaður er leiðandi í ákvarðanatöku flókinnar endurhæfingar og er fær um að skipuleggja störf annarra starfsmanna og útteila verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til starfsmanna á þeirri einingu sem hann starfar á, í samráði og samvinnu við deildarstjóra. Er ásamt *iðjubjálfum* ráðgjafi varðandi val/endurnýjun á hjálpartækjum og ýmsum öðrum búnaði á sinni einingu. Getur verið umsjónarmaður klíníkrar kennslu nemenda.

Starfsreynsla í faginu: Að lágmarki 2 ár.

**Sjúkraþjálfari á heilsugæslu:** Sjúkraþjálfari með a.m.k. 3 ára starfsreynslu sem sjúkraþjálfari. Starfið er frumkvöðlastarf og krefst sérstaks frumkvæðis og utanumhalds vegna þess. Starfið felur í sér sérþekkingu og faglega þróun og ábyrgð á verkefnum sjúkraþjálfara í heilsugæslunni. Sjúkraþjálfari veitir skjólstæðingum heilsugæslunnar aðstoð, upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar í samræmi við bestu þekkingu sem til er á hverjum tíma. Sjúkraþjálfarinn greinir, metur og vinnur sjálfstætt, og í teymisvinnu eftir atvikum, að úrlausn mála eftir þeim gögnum sem fyrir liggja og í samræmi við viðtal og/eða skoðun einstaklingsins. Sjúkraþjálfarinn hefur leiðbeiningarskyldu gagnvart öðrum starfsmönnum við úrlausn mála og tekur virkan þátt í teymisvinnu innan heilsugæslunnar. Heilsugæslusjúkraþjálfari sem gegnir stöðu hreyfistjóra skal hafa lokið námskeiði í áhugahvetjandi samtali.

**Sérfræðingur í sjúkraþjálfun:** Sérfræðimenntaður sjúkraþjálfari í fræðigrein á fagsviði starfs.

Starfsmaður fær slíka sérfræðiþekkingu sína metna þó svo starf hans sé ekki sérstaklega skilgreint út frá því. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi embættis landlæknis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein.

**Deildarstjóri endurhæfingar:** Er yfirmaður allra starfsmanna endurhæfingardeildar, þar með talið vinnustofu á Eyri. Er einnig faglegur yfirmaður allra sjúkráþjálfara á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri endurhæfingardeildar. Staða deildarstjóra felst í stjórnun, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á faglegri framþróun, vinnuskipulagi og daglegum rekstri. Hann metur fræðsluþörf samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Hann sér um starfsmat. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Hann setur verkferla þar sem við á. Þróar starfið og innleiðir nýjungar og er talsmaður fagsins út á við. Veitir framkvæmdastjórn ráðgjöf og upplýsingar. Gerir tillögur til framkvæmdastjórnar varðandi búnað og tækjakaup og einnig varðandi viðhalds- og endurmenntun innan fagsins. Deildarstjóri vinnur auk þess að stefnumótun og framtíðarsýn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða ásamt starfsmönnum fagsins og stuðlar að virkri eftirfylgni. Gerir tillögur til framkvæmdastjórnar um áhersluatriði í þjónustu á hinum einstöku starfsstöðum. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglegar úrlausnir mála.

## **Bókanir**

### **Bókun 1**

Enginn sjúkraþjálfari lækkar í launum við gildistökur þessa stofnanasamnings.

### **Bókun 2**

Sjúkraþjálfari sem starfar í heilsugæslu raðast sem Heilsugæslusjúkraþjálfari, burtséð frá því hversu stór hluti starfs hans hjá Hvest tilheyrir heilsugæslunni.

# Undirritunarsíða

Hanna Þóra Hauksdóttir

Gylfi Ólafsson

Hrannar Örn Hrannarsson

Unnur Pétursdóttir

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Jóna Björg Guðmundsdóttir